

1910

Föstudaginn 24. maí 1996.

Nr. 204/1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Helga Sigurjónssyni

(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. maí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum sama dag. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili hefur kært úrskurðinn fyrir sitt leyti. Hann krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 3. júlí 1996.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur, en þó þannig, að tekin er til greina krafa sóknaraðila um lengd gæsluvarðhalds yfir varnaraðila, eins og nánar greinir í dómsorði.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Varnaraðili, Helgi Sigurjónsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. júlí 1996 kl. 16.00.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. maí 1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Helga Sigurjónssyni, kt. 121175-4019, með lögheimili að Grenimel 2, Reykjavík, en heimilislaus, verði með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. júlí kl. 16.00.

Kærði var handtekinn 21. maí sl. vegna grunar um innbrot í spilasalinn Gulliver, Hafnarstræti 20, Reykjavík, aðfaranótt 21. maí. Voru þar brotnir

upp nokkrir spilakassar og stolið úr þeim 90.000 kr. í peningum. Kærði hefur neitað að hafa brotist þarna inn, en tveir kunningjar hans, sem viðurkennt hafa innbrotið, hafa borið, að kærði hafi verið þarna að verki ásamt þeim. Þá hefur strætisvagnstjóri borið að hafa séð tvo „pönkara“ koma niður stigann í húsinu að Hafnarstræti 20 um kl. 8.00 umræddan morgun og fara út með plastpoka. Lýsing þessa vitnis á jakka annars mannsins var sú, að fáni hafi verið á bakhlið hans. Lýsing jakkans kemur heim og saman við jakka kærða, sem hann hafði með sér, er hann kom fyrir dóminn. Kærði hefur hins vegar viðurkennt að hafa verið með fyrrnefndum kunningjum sínum umrædda nótt og notið góðs af þýfinu. Með vísan til framanritaðs þýkir vera rökstuddur grunur um aðild kærða að framangreindu innbroti aðfaranótt 21. maí sl. Krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins er þó einvörðungu studd c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Fyrir liggur sakavottorð kærða, þar sem fram kemur, að kærði hefur árin 1992–1995 hlotið tólf refsíðoma fyrir hegningarlagabrot, þ. e. þjófnað, rán, nytjastuld og líkamsárás. Nemur samanlögð óskilorðsbundin refsing kærða rúmlega 2½ árs fangelsi. Hinn 11. maí sl. var kærða veitt reynslulausn skilorðsbundið í eitt ár á 160 daga eftirstöðvum refsingar. Þá er í ljós leitt, að kærði er heimilislauð fíkniefnaneytandi, sem virðist kosta neyslu sína með fjármunum, sem fengnir eru með innbrotum.

Að öllu framangreindu virtu og með vísan til þess, að kærði er undir rökstuddum grun um að hafa brotið gegn hegningarlögum svo stuttu eftir, að honum var veitt reynslulausn, verður að fallast á það með Rannsóknarlögreglu ríkisins, að verulegar líkur séu á, að kærði muni halda áfram afbrotum, meðan máli hans er ólokið. Verður því krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins tekin til greina, þó þannig, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi eigi lengur en til fimmtudagsins 20. júní 1996 kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Helgi Sigurjónsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 20. júní 1996 kl. 16.00.
